



# Flugmálafélag Íslands

Ársskýrsla 2024



Þing haldið í Fluggörðum,  
Reykjavíkurflugvelli, 15. maí 2025



# Síðasta þing og stjórn

Síðasta þing Flugmálfélags Íslands var haldið þann 9. mars 2024 í Flugröst, við Reykjavíkurflugvöll. Á þinginu var kynnt skýrsla stjórnar og sérgreinadeilda.

Matthías Sveinbjörnsson var á þinginu 2024 endurkjörinn forseti félagsins. Sjö aðrir stjórnarmenn voru kjörnir á þinginu og skiptu þeir með sér verkum á eftifarandi hátt:

Varaforseti:

Edda Ingibjörg Eggertsdóttir

Varaforseti og gjaldkeri:

Ágúst Hrafnkelsson

Ritari:

Friðgeir Guðjónsson

Meðstjórnendur:

Gísli Birgir Sigurðarson

Halldór Kr. Jónsson

Valdimar Jóhann Bergsson

Sveinn Kjartansson

Aðildar og styrktarfélög Flugmálfélagsins eru:

AOPA Ísland

Flugmennt (1974 ehf.)

Fallhlífasamband Íslands

Fallhlífastökkvarar Íslands

Fisfélag Reykjavíkur

Flugfélagið Geirfugl ehf.

Flugklúbbur Mosfellsbæjar

Flugskóli Íslands

Flugklúbbur Selfoss

Flugsveitin

Mýflug hf.

Norðurflug ehf.

Örninn - Hollvinafélag Flugsafns Íslands

Svifflugfélag Akureyrar

Svifflugfélag Íslands

Þyrlubjónustan ehf.

Þytur ehf.

Þytur, flugmódelfélag

Vélfugfélag Akureyrar

Volcano Heli ehf.

Yakar, flugklúbbur alþýðunnar ehf.

Icelandair ehf. er aðalstyrktaraðili Flugmálfélags Íslands samkævmt sérstökum samningi þar um. Þá strykja Isavia Innanlandsflugvellir ehf. starfsemi félagsins, m.a. í tengslum við flugsýningu í Reykjavík og sérstaka samstarfssamninga. Fly Play ehf. og Reykjavík Drones ehf. hafa styrkt félagið í tengslum við flugsýninguna.

Stjórn og stefna

Stjórn fundaði reglulega yfir árið og átti góð rafræn samskipti á milli funda. Stjórn vann eftir sömu stefnu og verið hefur síðustu ár sem er tilgreind í stefnu Flugmálfélagsins en þar segir:

*Almennt*

Stjórn félagsins vill beita sér fyrir jákvæðri umfjöllun um flug og auka samskipti milli aðildarfélaga. Það mun enn sem áður sinna hagsmunagæslu en þó leggja meira upp úr því að leita til aðildarfélaganna og styðja þau í þeim málum sem snúa beint að þeim. Félagið mun halda áfram að treysta alþjóðleg samskipti og sambönd.

*Kynning út og inn á við*

Stjórn félagsins hefur það að markmiði að kynna flug fyrir almenningi og efla áhuga á því. Það á jafnt við um aðildarfélög sem og þá sem standa fyrir utan það. Tilgangur félagsins hefur verið frá upphafi að „að efla áhuga fyrir flugsamgöngum hér á landi og til annarra landa og útbreiða þekkingu á flugmálum með þjóðinni” sem stjórn félagsins mun standa við.

*Hagsmunagæsla*

Félagið mun sinna hagsmunagæslu sem áður. Áherslubreyting verður þó gerð er varðar eignarhald. Þau mál sem snúa að ákveðnum aðildarfélögum munu vera rekin áfram að viðkomandi aðildarfélagi en þó með stuðningi FMÍ á meðan hagsmunamál er varða fleiri en eitt aðildarfélag og/eða flugið í heild sinni verða rekin áfram af FMÍ.

Félagið mun leggja áherslu á góð samskipti við:

- Innanríkisráðuneyti
- Samgöngustofu
- Isavia
- FAI og önnur alþjóðleg samtök

*Traustur rekstur*

Stjórn félagsins mun leitast eftir því að auka tekjur félagsins til þess að auka slagkraftinn. Mögulega verður framkvæmdastjóri ráðinn.

Samstarfið hefur verið gott og stjórnin samhent í því að vinna samkvæmt ofangreindri stefnu.



# Viðburðir

Félagið stóð að fjölbreyttum viðburðum á síðasta starfsári. Veður hafði þó töluverð áhrif á þátttöku og umfang.

## Flughátíðin Allt sem flýgur

Flughátíðin á Helluflugvelli var haldin 12.-14. júlí, eins og fyrri ár. Þetta árið var veðrið ekki gott höfðu sumir orð á því að hátíðin hefði geta skipt um nafn úr "Allt sem flýgur" í "Allt sem flýtur" eða "Allt sem fýkur". Engu að síður sóttu góðir gestir hátíðina en þeir héldu sig aðallega á jörðinni. Vikuna fyrir hátíðina komu gestir á vegum félagsins með loftbelg og flogið var um nærsveitir Hellu. Það flug vakti mikla eftirtekt og var fjallað um í fjölmiðlum. Karamellukast var framkvæmt á jörðu niðri en var vinsælt engu að síður. Flugklúbbur Selfoss, Flugklúbbur Mosó og Fisfélag Reykjavíkur voru með sín kvöldkaffi vikuna fyrir hátíðina og þökkum við þeim kærlega fyrir það. Sameiginlega grillið heppnaðist mjög vel og var nálægt met þátttöku auk þess sem ballið um kvöldið var vel heppnað þar sem flugsveitin Erheadz spilaði fyrir dansi.







## Íslandsmót í flugi

Íslandsmót var haldið á Helluflugvelli vikuna fyrir flughátíðina Allt sem flýgur. Vegna skýjafars áttu keppendur erfitt að komast á flugvélum frá Reykjavíkusvæðinu. Kannski ættu keppendur að skoða málið betur og vera á Hellu eða Suðurlandi keppnisdagana. Það var því lítið um flug, aðeins einn keppandi flaug eina þraut, sem tryggði viðkomandi heiðurstítil Íslandsmeistara það árið. Veitt voru veitt verðlaun fyrir Íslandsmót í kappflugi á drónum, sem haldið var á keppnisbraut FÍK í Elliðárdal. Reiknað er með áframhaldandi auknum áhuga á Íslandsmóti í flugi á Hellu og verður keppnin 2025 vikuna fyrir Helluhátíðina eins og undanfarin ár.

## Þristar á leiðinni yfir hafið

Félagið aðstoðaði við að leyfa almenningi að skoða þrista sem voru á leiðinni yfir hafið. Margir borgarbúar og aðrir notuðu tækifærið og skoðuðu vélarnar í miklu nágvígi.



## Flugsýning á Reykjavíkurflugvelli

Árlega flugsýningin var haldin á Reykjavíkurflugvelli 8. júní 2024. Sýningin var vel sótt sem áður. Á henni var þverskurður flugs á Íslandi sýndur bæði á jörðu sem og á lofti. Nokkra eftirtekt vakti þegar Borgarstjóri Reykjavíkur, Einar Þorsteinsson, fór í listflug á Yak og flaug meðal annars á hvolfi yfir ráðhús borgarinnar. Það er líklega í fyrsta skipti sem það gerist.



## Fundur um flugmál fyrir alþingiskosningar

Þann 19. nóvember 2024 hélt Flugmálfelagið fund með stjórnmálflokkum sem buðu sig fram í alþingiskosningum. Lagðar voru spurningar fyrir flokkana og fulltrúuar þeirra sátu fyrir svörum. Margt áhugavert kom þar fram sem nýttist síðan síðar til að efla flug og flugmál. Fundurinn var einnig sendur út í beinu streymi auk þess sem fjallað var um fundinn í fjöldum.



## Fundur um Reykjavíkurflugvöll

Þann 6. febrúar 2025 hélt Flugmálfelagið fund um stöðu Reykjavíkurflugvallar. Félagið bauð nýjum samgönguráðherra og borgarstjóra auk annarra til fundarins. Þar komu fram áhugaverð sjónarmið um stöðu vallarins en í kjölfarið sprakk meirihlutinn í borginni einmitt vegna ósættis um flugvölliinn.

Með framsögu á fundinum voru: Eyjólfur Ármansson samgönguráðherra, Einar Þorsteinsson þáverandi Borgarstjóri, Sigrún Björk Jakobsdóttir framkvæmdastjóri Isavia innanlands, Kári Kárason flugstjóri hjá Icelandair og Tómas Dagur Helgason flugrekstarstjóri Norlandair.



## **Flugöryggisfundur**

Félagið hélt vinnufund um flugöryggi 8.febrúar 2025 Góðmennt var úr ýmsum greinum flugsins og nýtast niðurstöðurnar við forgangsröðun í þágu flugöryggis.



## **Innlend starfsemi**

### **Efnahagsátak stjórnvalda**

Eftir þrýsting frá Flugmálfelaginu á efnahagsnefnd fengust auknir fjármunir í lendingarstaði í gegnum efnahagsátak stjórnvalda. Í heildina var 90 milljónum úthlutað í málaflokkinn. Í framhaldinu vann Flugmálfelagið í samráði við flugsamfélagið lista yfir framkvæmdaverkefni og forgangsröðun þeirra. Í það heila komu ábendingar um 26 verkefni viðs vegar um land. Eftir yfirferð ráðuneytisins og Isavia var farið í eftirfarandi verkefni:

#### **Verkefni Isavia**

Hönnun þyrluaðfluga  
Sauðárkróksflugvöllur, veðurkerfi  
Blönduóssflugvöllur, flugbrautarljós  
Bakkaflugvöllur, flugbrautarljós  
Reykjanesflugvöllur, yfirlögn  
Húsavíkurflugvöllur, yfirsprautun  
Norðfjarðarflugvöllur, hönnun ljósa  
Sandskeið, veðurstöð


#### **Verkefni Flugmálfélagsins**

Hella, jöfnun flugbrautar  
Uppsetning vefmyndavéla um landið  
Selfoss, yfirlögn á flughlað  
Borgarnes, klæðing  
Opnun lendingarstaða



Hér er um jákvæða þróun að ræða en á sama tíma er ljóst að nánara samstarf milli FMÍ, Isavia og ráðuneytisins er nauðsynlegt.

Mikið var unnið í vefmyndavélum og veðurstöðvum á árinu og fjölgaði stöðvum nokkuð um landið með þátttöku Fisfélags Reykjavíkur og fleiri aðila. Stefnt er að uppsetningu fleiri stöðva á árinu 2025. Hér er um mikið öryggismál að ræða og stefnir félagið að því að setja upp fleiri stöðvar. Ágúst Guðmundsson hefur átt veg og vanda að þessari lausn sem hann hefur hannað og smíðað frá grunni og á mikið hrós skilið fyrir það. Aðgangur að þessum upplýsingum er á <http://flugplan.is> en jafnframt er þeim dreift á Windy og í [PIXWeather appinu](#).



Flugmálfélagið mun byggja á þessu góða samstarfi og vinna að frekari umbótum á innviðum og stuðningi við grasrótina sem og annað flug.

## Rafrænar flugáætlanir

Félagið hefur haldið úti vef <http://www.flugplan.is> þar sem hægt er að leggja inn rafrænar flugáætlanir. Nú eru notendur kerfisins hátt í 600 og flugáætlanir sem hafa verið gerðar í því vel á sjóunda þúsund. Lausnin var viðbragð við kerfi sem Isavia hugðist bjóða grasrotinni en var á engan hátt nothæf.

## Samgöngustofa

Samvinna við Samgöngustofu hefur batnað á síðasta starfsári. Félagið hefur fundað nokkrum sinnum með framkvæmdastjórum og deildarstjórum innan stofnunarinnar sem fjalla um flug. Unnið er að frekara samstarfi.

Meðal málum sem hafa verið til umfjöllunar eru: Verkflugsmál, viðhaldsmál, aðgengismál, ADS-B, Vindmyllur, málefni Reykjavíkurflugvallar og staða flugkennslu.

## Isavia

Samskipti og samband hefur verið með miklum ágætum við Isavia á síðasta starfsári. Félagið hefur þó áhyggjur af því að þrengingar að félagsaðstöðu og aðgengi að flugvöllum valdi því að færri komist jafn nálægt grásrótinni en oft áður. Áfram er unnið að lausnum á þessum hlutum í samstarfi við félagið.

## Kennslumál og grásrótin

Flugmálafélagið hefur eftir sem áður beitt sér fyrir því að flugmenntun sé sett á sama stall og önnur menntun í landinu. Í gegnum flugstefnuna sem forseti vann að var sett stefna á að flugmenntun yrði hluti af opinberu menntakerfi.

10. Skoðaðir verði kostir þess að menntun í flugi og flugtengdum greinum verði hluti af opinberu menntakerfi með það að markmiði að auka stöðugleika og framboð slíks náms.

Það er sorgleg staðreynd að flugnám hefur gengið í gegnum erfiða tíma og ekki fengið þann stuðning sem það þarf. Á þetta hefur verið bent bæði opinberlega sem og á bak við tjöldin. Félagið heldur áfram að vinna að þessu máli á ýmsum vettvangi.

## Eldsneytismál

Félagið hefur stutt við framfarir í aðgengi að eldsneyti. Það er þó mikið óunnið í þeim efnum. Innflutningur á eldsneyti í tunnum dregur úr hvatanum til þess að fara í miklar fjárfestingar í innviðum en sá innflutningur kemur til vegna óhóflegrar álagningar Skeljungs á eldsneyti sem þeir afgreiða. Félagið mun áfram vinna að endurbótum í þessum málaflokki.

## Safesky og ADS-B

Félagið hefur unnið um árabil að því að bæta árekstarvara og vöktun í almannaflugi. Hvatt stjórnvöld, Samgöngustofu og Isavia og fleiri til þess að móta stefnu í þessum málum. Félagið hefur tekið virkan þátt í innleiðingu á Safesky sem hefur verið leitt af Fisféluginu bæði með því að hvetja menn til að nota búnaðinn auk þess að fjárfesta í jarðstöðvum sem hlusta á ADS-B og senda út upplýsingar á opnar gagnaveitir.

## Helluflugvöllur

Flugmálafélagið tók yfir rekstur á Helluflugvelli vorið 2024. Samningur var gerður við Isavia þess efnis en félagið og aðildarfélög þess hafa verið stærstu notendur vallarins um árabil og mun þetta form styðja við endurbætur og viðhald á vellinum.



## Vindmyllur

Fjölmög vindmylluverkefni eru í farvatninu sem valda töluverðum áhyggjum. Sendar hafa verið inn umsagnir í nær öllum tilvikum þar sem þess hefur verið óskað og bent á slæmt sambýli vindmylla og flugs. Í sumum tilvikum myndi flug leggjast af og sjónflugsleiðir lokast ef þessi áform ganga eftir. Félagið mun áfram beita sér fyrir því að tekið verið tillit til flugs þegar vindmyllur eru annars vegar.



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. maí 2024

### Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku)

Í fyrri athugasemnum sinum til Skipulagstofnunar vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs á Mosfellsheiði vakti Flugmálafélag Íslands athygli á því að í tillitu að mætlaðum væri umfjölinum um mat á áhrifum á flugfreli og flugþryggi mjög rýr. Fyrirhugað stöðsetning væri innan skilgreindar æfingasvæðis fyrir kennslu- og einkaufug og myndi stórkostlega skerða möguleika til nýtingar svæðisins af og hyggjum vindorkugardins yrði. Sædilð sem kallast Austursvæði er héltæ æfingasvæðið af þessu tagi á suðvesturhorninu en sambærileg svæði sem skilgreind hafa verið á Reykjanesi eru gjarnan lokað vegna blindadflugs að flugvelliunum í Keflavík og Reykjavík. Í edillegu árferði hefur verið mikilvægt um ótsynisflug í nágrenni Hengilsins, ekki síst á vegum þyrlijónustufyrirteka.

Meðal atriða sem stjórn Flugmálafelags Íslands benti að mikilvægt væri að tekið yrði tillit til varðandi mat á umhverfisáhrifum vegna vindorkugardins á Mosfellsheiði eru einfaraði:

- Neikvað áhrif tilkoma vindorkugarðs á flugfreli og sjónflugsumferð um svæðid vegna skerðingar á nýtanlegu loftfjármáli súkum haðar vindmyila, þ.m.t. áhrif á nýtingu sýnilegra kennileita til aðgreiningar sjónflugsumferðar og tengingu við skilgreindar sjónflugsleiðir til og frá Reykjavíkurflugvelli.
- Áhrifasvæði ókýrrðar frá vindmyllum og möguleg áhrif hennar á sjónflugsumferð á Mosfellsheiði og í Austursvæði, þ.m.t. áhrif á nýtingu á flugvelliunum á Sandskelði sem miðstöðvar svifflugs og sem æfingaflugvallar fyrir kennslu- og einkaufug.
- Neikvað áhrif sem tilkoma vindorkugardins á Mosfellsheiði myndi hafa á nýtingu Austursvæðis eins og það er skilgreint í flugmálahandbók útgáfinni af Samgöngustofu og þar með á þjálfun flugmannna og starfsemi flugskóla í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.
- Mat á neikvaðum áhrifum á nýtingu skráðra og óskráðra lendingarstaða og flugvalla í nágrenni svæðisins og áhrif á fugnýggjum ef notagildi þeirri telst skert.

Stjórn Flugmálafelags Íslands leggur áherslu á að við mat á virkjunarkostum verði hafi viðtekt og náið samræð við frjáls félagsamtök og rekstraráða í flugstarsemi, auk opinberra adila sem að malinu komu svo sem Samgöngustofu og Isavia. Líklegt er að tilkoma vindorkugardins á Mosfellsheiði hefði verulega neikvað áhrif á starfsemi pessara adila og gati stefnt þeiri uppyggingu sem orðið hefur í starfsemi hinna ýmsu félaga í hættu. Vakin er athygli á því að sömu sjónarmið varðandi flugþryggi kunna að eiga við adrar stöðsetningar vindmylugarða en frumvarpið og greinargerð sem því fylgir tryggir á engan hátt að raunverulega verði tekið tillit til sliksa hagsmuna..

Virdingarfylst,  
f.h. stjórnar Flugmálafelags Íslands  
  
Guðrún Þráinsson  
varaforseti

## Fagráð um flugmál

Forseti félagsins á sæti í Fagráði um flugmál sem er skipað af samgönguráðherra. Ráðið fundaði þó ekki mikið á síðasta starfsári vegna ókyrrðar í pólitíkinni en fundaði þó nýlega með nýjum formanni. Félagið bindur vonir við að þátttaka í ráðinu hjálpi þegar fram í sækir.

## Sambýli borgar og flugs

Félagið hefur beitt sér fyrir því að bæta sambýli borgar og flugs. Átt samtöl við íbúasamtök, sveitarfélög, flugrekktendur, Isavia og aðra. Félagið setti saman vinnuskjal til þess að lágmarka flug yfir byggð sem aðildarfélög hafa sum notast við.



Flugmálfélag Íslands

Nóvember 2024

### Aðgerðir til lámörkunar flugs yfir byggð

#### Markmið

Að lágmarka flug yfir íbúðabyggð til þess að bæta sambúð með nágrönum flugvallarins

#### Almennt

Eftirfarandi tillögur þarf nafn ekki heimildar en það er gott að upplýsa flugturn um fyrirætlani. Þannig þarf ekki að segja "Óska eftir" heldur nægir að segja "Ég ætla" eða "Tek" sem er þá fylgt með "Roger" frá turni eða athugasemdir ef við á. Þá er gott að bæta við "Vegna hljóðvistar" eða "vegna noise abatement" þannig að flugumferðarstjórin sé meðvitaður um ástæðu.

#### Flugtök

##### Almennt:

- Þyrlur: Óska eftir braut 31/13 í stað 01/19

##### Braut 19 í notkun:

- Fara á stefnu 240 eftir flugtak við skýli 3
  - Orðalag: "Tek hægri beygju eftir flugtak [og fer vestur yfir Kársnes]"



#### Lendingar

##### Almennt:

- Þyrlur: Nota aðra braut en braut í notkun og gefa heimild með skilyrði um að stoppa fyrir braut í notkun

##### Braut 01 í notkun

- Offset final
  - Orðalag: "Tek offset aðflug og lenti innarlega"
- Koma pröngt inn – fljúga yfir Fossvoğinn
  - Orðalag: "Tek pröngan þverlegg inn yfir Fossvoğinn og lenti innarlega"



##### Braut 19 í notkun

- Þyrlur: Koma í 1500' yfir Hörpu – 800' yfir Hljómskálann (Steep approach)

Útgáfa 1.2

## Styrkveitingar

Á síðasta starfsári voru veittir styrkir til AOPA Ísland vegna standsetningar á AVGAS tanki til uppsetningar á Bakkaflugvelli, til Sviflugfélags Íslands vegna fundar norrænna svifflugssambanda og til Arnarins - hollvinasamtaka Flugsafns Íslands vegna sérverknis. Félagið hvetur aðlidarfélögin til þess að sækja styrki frá FMÍ til þess að byggja upp og treysta alþjóðatengsl og eftir atvikum verkefni sem stuðla að framgangi almannaflugs.



## Erlend starfsemi og þátttaka í alþjóðlegum keppnum

Flugmálfelagið hefur alla tíð tekið virkan þátt í erlendu starfi flugmálfélaga til að viðhalda og efla tengsl Íslands við önnur lönd, sem er mikilvægt m.a. til að læra af árangri annarra landa og mistökum. Sérstaklega eru tengslin mikilvæg þegar kemur að regluverki og lagasetningu en íslenskt regluverk hefur til þessa þótt heldur stíft og óþarfalega langt gengið við þýðingu og innleiðingu erlendra reglna hérlandis, hefur verið kallað Blýhúðun. Unnið er að breytingu á hámarksþyngd vélknúinna fisa sem flest Evrópulönd hafa þegar hækkað í 600kg í samræmi við heimildir Evrópusambandsins. Vonast er að þessi breyting verði innleidd á Íslandi á næstunni. Flugmálfelagið hefur auk þess átt samskipti við stjórvöld og sótt leiðsögn til erlendra aðila hvað regluverk snertir.

Árið 2024 var erlend starfsemi með hefðbundnu sniði. Sérstaklega má þó nefna:

- Svifvængjamenn sóttu fund Svifvængjadeilda Flugmálfélaga Norðurlandanna.
- Vélfismenn stóðu fyrir aðalfundi EMF European Microlight Federation á Íslandi.
- Jónas Sturla Sverrisson í stjórn síðan 2023.
- Svifflugmenn sóttu fund Svifflugdeilda Flugmálfélaga Norðurlandanna.
- Fulltrúi Íslands sótti fund Medico-Physiological deildar FAI.

Flugmálfelagið er með fulltrúa í öllum deildum Alþjóða flugmálfélagsins (FAI). Þessir fulltrúar fylgjast með því sem er að gerast í hverri deild með hagsmuni Íslands að leiðarljósi auk þess að fylgjast með því sem er að gerast í heiminum á hverju sviði flugíþróttu.

Fulltrúar Flugmálfélagsins geta sótt aðalfundi deilda FAI og tekið með beinum hætti í starfi deildanna. Suma aðalfundi deilda er hægt að sækja á netinu en aðrir fundir eru hefðbundnir.

Ágúst Guðmundsson hefur setið í framkvæmdastjórn FAI (Executive Board) frá árinu 2014 sem fulltrúi Flugmálaufélags Íslands og hefur verið endurkjörinn síðan. Hann er nú yfir fjármálum FAI og hefur verið endurkjörinn oftast af núverandi stjórnarmönnum.

Flugmálaufagið annast útgáfu FAI Sporting Licence til félagsmanna aðildarfélaga en það skírteini er skilyrði fyrir þáttöku í alþjóðlegum mónum FAI.

Nokkur hópur svifvængjaflugmanna taka alltaf þátt í Norðurlandamóti Svifvægnjaflugmanna. Með þáttöku í alþjóðlegum mónum fá flugmenn stig á alþjóðlegum styrkleikalista svifvængjamanna hjá FAI. Á styrkleikalista FAI eru nú 9 íslenskir svifvængjaflugmenn, sem eru færri en áður, vegna þess að ekki er lengur alþjóðlegt svifvængjamót á Íslandi svo og minni þáttöku í alþjóðlegum mónum undanfarin ár. Tveir flugmenn eru í topp 400 á heimslistanum, sem tryggir þeim keppnisrétt á evrópumótum í svifvængjaflugi.



Flugmódelmenn á Íslandi héldu ekkert alþjóðlegt móti Íslandi 2024 en tóku þátt í móti erlendis. Iceland Open F3F 2025 verður haldið í maí 2025.

Þátttaka íslenskra flugmanna á alþjóðamótum hefur aukist og fagnar Flugmálaufagið þeirri þróun. Svifvængjaflugmenn hafa verið sérlega virkir í þáttöku á alþjóðlegum móum til fjölda ára, auk þess hafa flugmódel menn verið virkir undanfarin ár.

Flugmálaufagið hefur í gegnum tíðina veitt einstaklingum og aðildarfélögum styrki vegna verkefna sem stjórn telur samrýmast tilgangi félagsins og hvetur Flugmálaufagið aðildarfélög og meðlimi þeirra til að sækja um stuðning við góð verkefni.

## Að lokum

Flugmálaufag Íslands byggir á traustum grunni og hefur frá stofnun árið 1936 unnið að hagsmunum flugs á Íslandi. Félagið mun halda áfram að gegna lykilhlutverki varðandi hagsmunagæslu, uppbyggingu og vöxt flugs á Íslandi samhliða því að stuðla að samheldni og góðum samskiptum á milli aðildarfélaga sinna.

Samþykkt af stjórn Flugmálaufélags Íslands